

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 149.18
Ábm. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	Bréf ( )St.
Lvm.	Trm.

Garðabær 8. september 2017

Kæri viðtakandi.

**Vistgerðir á Íslandi**

Náttúrufræðistofnun Íslands gaf út fyrr á árinu ritið *Vistgerðir Íslands* og birti jafnframt á vefsíðu vistgerðakort af öllu landinu. Þetta er afurð úr verkefninu Natura Ísland sem hefur það markmið að lýsa, kortleggja útbreiðslu og meta verndargildi vistgerða, plantna og dýra.

Í ritinu er 105 vistgerðum lýst en af þeim eru 64 á landi, 17 í ám og vötnum og 24 í fjörum. Flokkunin á sér fyrirmynd í samræmdri og viðurkenndri flokkun vistgerða sem rutt hefur sér til rúms og er lögð til grundvallar í umfjöllun um náttúruvernd, skipulag og landnýtingu í Evrópu. Vistgerðaflokkun lands og kortlagning er komin til að vera hér á landi og er ætlað að leysa af hólmi eldri aðferðir við vistfræðilega flokkun lands. Hún byggir á gróðureinkennum en lýsir einnig umhverfisþáttum og dýralífi með nýjum hætti. Tæplega þriðjungur íslenskra vistgerða hafði ekki verið lýst áður í Evrópu og má rekja það til mikillar eldvirkni og stórra jökla hér á landi sem móta mjög náttúrufer.

Upplýsingar um vistgerðir landsins hafa verið gerðar öllum aðgengilegar og munu þær nýtast stjórnvöldum, sveitarfélögum, atvinnulífi og almenningi. Með útgáfu ritsins og opnun vistgerðarkortasjár fá öll sveitarfélög landsins í fyrsta sinn heildaryfirlit yfir vistgerðir og útbreiðslu þeirra innan sinna marka. Hægt er að skoða kortasjána og sækja landupplýsingagögn í niðurrhalsþjónustu á síðunni <http://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>.

Innleiðing vistgerða mun auðvelda vöktun á náttúru landsins og skipulag landnýtingar. Vistgerðakort af landinu verður í stöðugri endurskoðun því náttúran er sífellt að breytast; jöklar hopa, land grær upp eða rofnar, eldfjöll gjósa og hraun renna, ár breyta farvegum sínum, skógar eru ræktaðir, land brotið til ræktunar eða lagt undir þéttbýli og vegi. Ráðgert er að birta 2. útgáfu af vistgerðakortinu á vef stofnunarinnar vorið 2018, en endurskoðun á því er hafin.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson, forstjóri



# FJÖLRIT

---

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR



---

VISTGERÐIR Á ÍSLANDI